



**GRUNDARTANGI ehf.**  
ÞRÓUNARFÉLAG – HVALFJARÐARSVEIT



**Ársskýrsla 2020 - 2021**

## Starfsemi Þróunarfélags Grundartanga 2020 og 2021.

Árið 2020 var, þrátt fyrir heimsfaraldur, viðburðarríkt og vel nýtt til undirbúnings verkefna komandi ára. Í mars fékkst styrkur frá Orkusjóði að fjárhæð kr. 12.mkr. vegna verkefnisins „Orkuendurvinnsla með virkjun umframvarma á Grundartanga“, en í því felst greining, forhönnun og undirbúningur að stofnun hitaveitu á Grundartanga og nágrenni. Við undirbúning umsóknar til Orkusjóðs lét félagið gera stutta samantekt um áhrif nýtingar umframvarma til uppsetningar á hitaveitu á Grundartanga, sem jafnframt næði til kaldra svæða í Hvalfirði og til Akraness. Einnig var lagt mat á vænta arðsemi og hagræðingu vegna verkefnisins. Félagið lét vinna skýrslu vegna greiningar og forhönnunar verkefnisins sem kom út í júní 2020. Hún fjallar um fýsileika þess að reisa og reka varmastöð sem nýtir umframvarma frá starfsemi Elkem á Grundartanga til framleiðslu á gufu og varma fyrir hitaveitu og aðra starfsemi. Í tengslum við þá framkvæmd er ætlunin að leggja lokaða dreifiveitu á Grundartangasvæðinu og sunnan Akrafjalls út á Akranes, og tengja þannig notendur á þeirri leið. Þessi framkvæmd mætir einnig aukinni orkuþörf á Akranesi og skapar þannig svigrúm til að tengja fleiri notendur í Hvalfjarðarsveit, norðan Akraness, inn á núverandi hitaveitulögn Veitna.

Í júní 2020 undirrituðu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Þróunarfélag Grundartanga samning um rannsóknar- og þróunarverkefni vegna framleiðslu rafeldsneytis og greiningu á fýsileika þess að reisa og reka rafeldsneytisverksmiðju á Grundartanga. Framlag til verkefnisins nam samtals 50.m.kr. og er verkefnið liður í því að gera Ísland að kolefnishlutlausu samfélagi. Nýting umframorku í raforkukerfinu dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og eykur hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa. Þetta eflir orkuskiptin og stuðlar að grænni nýsköpun og eflingu rannsóknarstarfs. Verkefnið snýr jafnframt að þróun nýrrar tækni og skapast með því tækifæri til útflutnings á bæði tækni og hugviti.

Í júlí 2020 stofnaði Þróunarfélag Grundartanga einkahlutafélagið Icelandic Electrical Fuel ehf en hluthafar þess eru eftirfarandi: BMJ Consultancy slf 65%, Þróunarfélag Grundartanga 20%, Grófin viðskiptaþróun ehf 9%, Clara Energy Ltd 3%, Invesco ehf 3%. Tilgangur félagsins er að stuðla að framleiðslu rafeldsneytis á Íslandi, orkuframleiðsla, rannsóknir, þróun og ráðgjöf á sviði orkumála ásamt fjárfestingarstarfsemi. Var félaginu Icelandic Electrical Fuel ehf falið að sinna framangreindu rannsóknar- og þróunarverkefni um fýsileika þess að reisa og reka rafeldsneytisverksmiðju á Grundartanga. Í stýrihóp um verkefnið af hálfu Þróunarfélagsins voru Björgvin Helgason, Kristín Soffía Jónsdóttir, Ólafur Adolfsson og Guðjón Steindórsson. Niðurstöður greiningarinnar koma fram í skýrslunni „Fýsileiki þess að framleiða rafeldsneyti á Íslandi“ sem skilað var til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í júní 2021. Jafnframt hafa átt sér stað fjölmargar kynningar á niðurstöðum hennar fyrir bæði opinbera- og einkaaðila.



Samningur um gerð skýrslu um rafeldsneytis undirritaður.

Þann 9.júní 2021 var skrifað undir viljayfirlýsingu milli Veitna, Elkem, Carbfix og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis um samstarf um föngun kolefnis og nýtingu glatvarma. Verkefnið verður unnið undir stjórn Þróunarfélags Grundartanga en fyrsti áfangi þess felur í sér að vinna að fjölnýtingu þeirra efnisstrauma sem til staðar eru á Grundartangasvæðinu. Kolefni úr útblæstri iðnaðarfyrirtækja á Grundartanga verður dælt niður í borholu á svæðinu ásamt því að glatvarmi frá starfseminni verður nýttur til hitaveitu. Verkefnið fellur vel að loftlagsmarkmiðum Íslands, en einnig að þróun í orkumálum og atvinnusköpun. Vonir standa til að verkefnið geti skapað umtalsverð verðmæti á komandi árum og það er hluti af uppbygginu græns iðnaðar- og auðlindaklasa á Grundartanga sem mun skapa þekkingu sem nýtist fleiri iðnaðarsvæðum á landinu.

Þann 9. júní 2021 skrifuðu Carbfix ohf, Þróunarfélag Grundartanga og Elkem Ísland undir áform um samstarf varðandi verkefni til að meta hagkvæmni þess að beita Carbfix tækninni fyrir Elkem til að draga úr losun koltvísýrings. Aðferðin gengur út á að fanga CO<sub>2</sub> og binda það í berg. Samstarfið snýst einnig um að samræma og hrinda verkefninu í framkvæmd.

Þann 11.júní 2021 skrifuðu Landsvirkjun, Carbon Recycling International, Elkem Ísland og Þróunarfélag Grundartanga undir samstarf um skoðun á framleiðslu á grænu metanóli. Framleiðslan myndi nýta umframraforku Landsvirkjunar, framleiðslutækni Carbon Recycling International og glatvarma ásamt koldíoxíði sem fangað yrði úr kísilveri Elkem.

Á árinu 2021 lagði stjórn félagsins fyrir eigendur og hagaðila, verkefna- og fjárhagsáætlun Þróunarfélagsins til ársins 2024. Framtíðarsýn og markmið Þróunarfélagsins er að Grundartangasvæðið laði að sér fjölbreytt og öflug fyrirtæki sem nýti sér hafnarmannvirki og aðra innviði svæðisins. Í þessu verkefni er áhersla á fjölnýtingu efnis- og auðlindastrauma á svæðinu. Í tengslum við það var farið í greiningarvinnu og mótun hugmyndafræði sem mun styðja við þróun svæðisins í átt að grænum hringrásargarði þar sem sjálfbærnisjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Í vinnunni hafa verið haldnir fjölmargir vinnufundir með sveitarfélögum og fyrirtækjum á svæðinu. Verkefninu er skipt í fjóra fasa sem unnir verða á tímabilinu 2021 til 2024, en þá er stefnt að því að svæðið uppfylli öll skilyrði sem grænn iðngarður með áherslu á hringrásarhugsun. Á þeirri vegferð verði innleidd fjölmörg verkefni til framþróunar og úrbóta á Grundartanga.

GRÆNN HRINGRÁSARGARÐUR  
Á GRUNDARTANGA  
ECO PARK GRUNDARTANGI

... í farabroddi á heimsvísu



Grænn iðngarður.

Á árinu 2021 var unnið að uppsetningu nýs vefs fyrir Þróunarfélagið og var hann opnaður í árslok.